apparat

Skipulagsráð Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

25.01.2022

Undirritaður hefur verið falið að sækja um stækkun á húsinu Sunnubraut 43. Húsið er í dag skráð 216 m2. Í dag er kjallari með malargólfi undir húsinu sem og bátaskýli 27 m2. Sótt er um leyfi til að byggja við húsið á efri hæða alls 21 m2 og að steypa plötu og nýta hluta núverandi kjallara alls 68,7 m2 . Eftir stækkun er því húsið alls 318 m2 og nýtingarhlutfall 0.62. Sambærileg nýtingarhlutföll er að finna í götunni td Sunnubraut 29 0,62. Þess má einnig geta að væri núverandi hús stærðarreiknað samkvæmt þeim reglum sem nú gilda væri nýtingarhlutfall þess mun hærra því undir því nánast öllu er óuppfyllt rými.

Í þeim hluta kjallara þar sem steypt verður plata verður sérstaklega gert ráð fyrir drenmöl og drenlögnum sem tengjast dælu brunni ef sú staða kemur upp að grunnvatn hækkar ss vegna stórstraums flóða. (sjá bréf lagna hönnuðar).

Viðbyggingar á efri hæð eru annars vegar útbygging á suðurhlið til að stækka svefnherbergi og lítil útbygging á vestur gafl til að koma megi fyrir stiga niður í kjallara. Útbygging á vestur gafli gengur 1,3 m frá húsi og er gluggalaus á hlið sem snýr að nærliggjandi húsi.

Vonum við að þessar breytingar okkar á húsinu teljist hóflegar og ásættanlegar.

Björgvin Snæbjörnsson Arkitekt FA

Björgvin Snæbjörnsson Arkitekt Faí
Teiknistofa Ármúla 24 108 Reykjavík
Sími 561 2660 / 898 9407 fax 561 2661
apparat@apparat.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026